

1869.

5. maí.

hólms og verunnar í Stykkishólmi muni æfinlega ganga að minnsta kosti 7 dagar, og ef að í hvert skipti ætti að borga honum hæfilega fæðispeninga og ferðakostnað samkvæmt reikningi, þá mundi þóknunin fara fram úr þessari upphæð. Jafnframt og þér, herra amtmaður, þess vegna hafið lagt til með, að síra Sveini Níelssyni framvegis verði veitt 25 rd. þóknun á ári fyrir þenna starfa, meðan hann er búandi á Staðarstað, hafið þér enn fremur sókt um samþykki stjórnarráðsins til þess, að þér árin 1867 og 1868 hafið borgað honum sömu upphæð úr jafnaðarsjóði amtsins fyrir hlutdeild hans í að semja verðlags-skrárnar fyrir þau árin.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið samþykkir hér með útborgun þá, sem hefir átt sér stað árin 1867 og 1868 í þessu skyni, eins og stjórnarráðið líka fellst á, að síra Sveini prófasti Níelssyni verði framvegis veitt 25 rd. þóknun á ári fyrir ómak hans og kostnað útaf þessum starfa, á meðan hann er búandi á Staðarstað og skrifstofa amtsins er í Stykkishólmi.

12. maí.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bann gegn því að veiða lunda í net á Vestmannaeyjum.

Útaf skýrslum þeim, sem fengnar höfðu verið frá Vestmannaeyjum um hinar skaðvænlegu afleiðingar af því, að hafa net til að veiða í lunda þar á eyjunum, leitaði dómsmálastjórnin álits yðar, herra stiptamtmaður, um það, hvort ríkið, sem eigandi allra jarðanna á Vestmannaeyjum, ekki mundi eiga með, eptir því hvernig komið er að orði í byggingarbréfum leiguliðanna, að banna þeim að hafa þá veiðiaðferð í frammi, er getur orðið þess olandi, að lundaveiðin, hlunnindi, sem fylgir jörðinni, rýrni að mun, og að byggja þeim út, ef þeir hlýða ekki banninu. Nú hafið þér, herra stiptamtmaður, látið það álit yðar í ljósi í bréfi dagsettu 19. febrúarmán. þ. á., að ákvarðanirnar í

byggingarbréfunum hafi ekki næga heimild inni að halda, til þess að banna leiguliðunum að gjöra sér fuglatekjuna eins arðsama, og auðið er, og að það því, að yðar byggju, mundi verða árangurslaust, að banna leiguleiðunum að veiða fuglinn í netum, og láta það varða útbyggingu. Aptur á móti álitíð þèr, að hinu sama mundi mega koma til leiðar með samningum, því að það megi gjöra ráð fyrir eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar, að allir reglusamir og duglegir leiguliðar sé fúsir á að ganga undir þessa einskorðun í tilliti til lundatekjunnar, og hinir óduglegari leiguliðarnir, sem kynnu að vilja standa á móti slíkri einskorðun, rjúfi jafnaðarlega á hverju ári byggingarskilmálana svo mjög, að það mætti byggja þeim út.

Útaf þessu eruð þèr, herra stiptamtmaður, samkvæmt tillögum yðar beðnir, að einu leytinu að sjá svo um, að í öll byggingarbréf leiguliðanna á konungsjörðunum á Vestmannaeyjum verði framvegis tekin ákvörðun um, að fuglatekja með netum sé með öllu bönnuð, og að hver, sem útaf því bregður, bæði hafi fyrirgjört byggingarrétti sínum og sé skyldur að endurgjalda skada þann, er jörðin hafi orðið fyrir útaf því, eptir áliti óvillhalla manna, og að hinu leytinu að leggja á við hlutaðeigandi umboðsmann, að reyna að koma því til leiðar við leiguliðana, sem nú eru, með samkomulagi, að viðauka-ákvörðun sama efnis verði bætt inn í byggingarbréf þeirra.

1869.
12. maí.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nýja skoðunargjörð og nýtt mat á klaustrajörðum og Flögjörðum í Vestur-Skaptafells-sýslu.

12. maí.

Með bréfi dagsettu 4. septembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað í útleggingu bænarskrá, er komið hafið til alþingis árið 1867, og konungsfulltrúi samkvæmt ályktun alþingis hafið sent stiptamtinu til frekari ráðstafana. Í bænarskrá þessari fara 113 bændur í Vestur-Skaptafellssýslu þess á